

“Góðir hlutir gerast” Fagvitund í fyrirrúmi

Mars 2011 18. tlb

Kæru formenn



Evrópupingið er í Baden Baden er dagana 3.- 6. ágúst. Komið er tilboð um hópferð frá Reykjavík til Baden Baden og er verðið ca 60 þúsund krónur báðar leiðir. Erum með 10 sæti, farið út 1. ágúst og heim 7. ágúst. Látið mig vita ij@host.is. Við verðum að staðfesta þau sæti mánudaginn 7. mars.

Gistingu verður hver kona að sjá um og er hægt að nálgast upplýsingar þar að lútandi á vef samtakanna. Nokkrar vinnustofur eru dagana á undan og er íslenski hópurinn þátttakandi í þeim flestum. Ég bið enn eftir ábendingum um listakonur sem geta kynnt íslenskt handverk. Það væri gaman að vera allavega með myndir til að sýna af íslensku handverki.

Landssambandsþingið. Dagskrá verður birt núna um miðjan mars sem og upplýsingar um gistingu. Ég hvet ykkur til að biðja konur að taka frá þessa dagsetningu og búa til stemningu til að fjölmenna. Þetta verður glæsilegt þing sem engin kona vill missa af. Það misstu allt of margar af vorþinginu í fyrra sem var mjög glæsilegt. Auðvelt er að fjölmenna í rútur úr öðrum landshlutum eins og Reykjavíkuronur gerðu í fyrra þegar þær keyrðu saman austur í Hallormsstað.

Takið frá
dagana
6.-8. maí



Eins og ég tók fram í síðasta bréfi verður framkvæmdaráðsfundur 6. maí kl. 18– 19 og eftir það sameiginlegur fundur með öllum stjórnarkonum deilda milli 19– 19:30. Vinsamlega ræðið þetta í stjórnun ykkar að það æskilegt er að sem flestar stjórnarkonur mæti á landssambandsþingið. Að þessu sinni verðum við með kynningarfund fyrir þær sem mæta og munum við skipta þeim upp þannig að það verða sérfundir fyrir formenn, gjaldkera, ritara og vefstjóra á milli kl. 19:30-20:30. Eftir það verður kvöldið frjálst. Carolyn Rants gestur okkar og fleiri eldri stjórnarkonur úr landssambandsstjórnun verða mættar á staðinn og eru tilbúnar að miðla af reynslu sinni á einn eða annan hátt. Eins og ég minntist á þá erum við að gefa aukna möguleika á að kynnast samtökunum enn frekar.

Vefurinn. Við erum að uppfæra vefinn þessa dagana og ef þið hafið hugmyndir um hvað betur mætti fara þá er það vel þegið. T.d. er verið að setja myndir af stjórnarkonum. Hafið samband við Eygló og hún aðstoðar vefstjóra ykkar við það sem þarf að laga á ykkar síðum. Gott væri að fá myndir af formönnum deildanna og nefndanna á vefsíðunni um framkvæmdarráð. Það hjálpar okkur þegar við svo hittumst á þingum og öðrum upptökum.

Ný deild, Mý, verður stofnuð í apríl. Óskum við útbreiðslunefndinni til hamingju með árangurinn.

Upplýsingar

Gönguhópurinn. ATH. breyting er á dagsetningu gönguhópsins. Við flýtum göngunni um viku og hittumst við **Ásmundarsafn** í Reykjavík 8.mars kl. 17:30. Ástæðan er sú að svo margar DKG konur fara á hátíð Stóru upplestrarkeppinnar í Hafnarfirði sem er þriðjudaginn 15. mars.



Til framkvæmda

Uppfærið vefinn, undirbúið ferð á þingin í maí og ágúst. Minnið konur á að gefa kost á sér til nefndarstarfa næstu tvö ár. Eyðublað þar að lútandi birtast á vefnum eftir viku.

March 2011						
Má	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
	1	2	3	4	5	6
7	8	9	10	11	12	13
14	15	16	17	18	19	20
21	22	23	24	25	26	27
28	29	30	31			

Á döfinni:

8. mars

Gönguhópurinn hittist við Ásmundarsafn Rvk. kl. 17:30
Skemmtikvöld á vegum Etadeildar


18. mars

Eindagar

20. apríl

Lokadagsetning skráningar á vorþingið

Apríl 2011						
Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau	Sun
				1	2	3
4	5	6	7	8	9	10
11	12	13	14	15	16	17
18	19	20	21	22	23	24
25	26	27	28	29	30	



Með systrakveðju,

Ingibjörg Jónasdóttir
landssambandsforseti DKG